

## AUGLÝSING

### um váttryggingarfjárhæðir samkvæmt reglugerð um löggildingu og tryggingarskyldu fasteigna- og skipasala nr. 520/1987.

Váttryggingarfjárhæðir samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 520/1987 skulu vera sem hér segir tímabilið 1. desember 1988 til 30. nóvember 1989:

1. Ábyrgðartrygging vegna hvers einstaks tjónsatviks verður kr. 3 014 316,00 en þó aldrei hærri en kr. 9 042 948 innan hvers váttryggingarárs.
2. Sjálfskuldarábyrgðartrygging verður kr. 3 617 179,00.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. mars 1989.*

F. h. r.  
**Þorsteinn Geirsson.**

Jón Thors.

Nr. 109

9. mars 1989

## GJALDSKRÁ

### vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins, fyrir árið 1989.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1989, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. mars 1989, með eindaga 1. maí 1988, verða sem hér segir:

1. Röntgenskoðunartæki.	kr.
a) Föst tæki - myndataka	7 105
b) Föst tæki - skygging	9 470
c) Aukalampar	2 134
d) Færanleg tæki - myndataka	5 855
e) Færanleg tæki - skygging	7 105
f) Tannröntgentæki	5 855
g) Tannröntgentæki - aukatæki	2 925
h) Iðnaðarröntgentæki	5 855
2. Geislalækningatæki	15 830
3. Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem slík efni eru notuð	5 855
4. Önnur geislataeki.	
a) Nifteindatæki	20 850
b) Önnur tæki sem ekki falla undir lið 1-3:	
1) Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað	5 855
2) Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað	2 925
5. Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.	
a) Filmumælingar, fyrir hvern starfsmann	1 425
b) TLD-mælingar, fyrir hvern starfsmann	2 840

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tækið sem „aukatakí“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 4 920. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 1 230.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnuni skoðar, skal greitt gjald, kr. 12 300. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 18. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir og að fengnum tillögum stjórnar Geislavarna ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1989.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Eyrarsveitar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 22. febrúar 1989, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, breytingar á áður staðfestu aðalskipulagi Grundarfjarðar frá 22. febrúar 1985.

Breytingarnar eru þessar:

1. Við bæinn Hellnafell breytist landnotkun úr íbúðasvæði og opnu svæði í iðnaðarsvæði.
2. Landnotkun sunnan Hjaltalínsholts breytist úr opnu svæði og verður skógræktarreitur.
3. Landnotkun á horni Hrannarstígs og Grundargötu breytist úr skrudgardi í svæði fyrir opinbera byggingu.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. mars 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*